



Dagsetning: 8. nóvember 2024
Málsnúmer: 2310027/10.0

Matvælaráðuneyti
Borgartún 26
108 Reykjavík

Efni: Umsögn um stefnu um uppbyggingu og umgjörð lagareldis.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda um stefnumörkun Matvælaráðuneytis um uppbyggingu og umgjörð lagareldis, til 2040, sem birt var 4. október sl. (mál nr. 182/2023). Skjalið byggir byggir á öðrum gögnum sem áður hafa verið til samráðs, s.s. skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluúttekt á stjórnsýslu sjókvíaeldis og skýrslu Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi.

Inngangur

Fjarðabyggð fagnar framkomnum drögum að stefnumótun lagareldis sem hefur það m.a. að markmiði að skapa sjókvíaeldi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Í þessum drögum að stefnumótun er sett fram sameiginleg framtíðarsýn til ársins 2040 fyrir undirgreinar lagareldis (sjókvíaeldi, landeldi, úthafseldi og þörungarækt) og fjallað um markmið hverrar greinar til að framtíðarsýnin geti orðið að veruleika. Í skjalinu er einnig að finna aðgerðaáætlun til ársins 2028 sem ætlað er að hrinda stefnunni í framkvæmd.

Stefnumótun

Það er ánægjulegt að sjá að stjórnvöld séu nú loksins að stíga skref til að móta sína fyrstu langtímasýn og stefnu um lagareldi þar sem horft er til umhverfis, efnahags og samfélaga. Fjarðabyggð hefur um langa hríð unnið að ýmiskonar skipulags- og stefnumálum er tengjast fiskeldi og leit fyrsta stefna sveitarfélagsins í málaflokknum ljós 2017 sem bar yfirskriftina *Stefnuþættir í fiskeldi*¹. Síðan þá má segja að mikið vatn hafi runnið til sjávar í stefnumörkun á svæðisvísu með tilkomu bæði *Svæðisskipulags Austurlands 2022-2044*² sem staðfest var í október 2022 og *Strandsvæðaskipulags Austfjarða*³ sem staðfest var í mars 2023.

Í Fjarðabyggð hefur fiskeldi byggst upp á undanförunum árum og er nú ein af efnahagsstöðum samfélagsins. Sveitarfélagið hefur frá upphafi lagt á það áherslu að áhættu af nýrri atvinnugrein eins og sjókvíaeldi sé stýrt með gerð vandaðra skipulags- og nýtingaráætlana, skilvirku regluverki og eftirliti, gagnsæu verklagi og markvissu samstarfi við fyrirtæki,

¹ [Stefnuþættir í fiskeldi, Fjarðabyggð, 2017](#)

² [Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044](#)

³ [Strandsvæðisskipulag á Austfjörðum](#)



stofnanir og önnur sveitarfélög. Að þessum markmiðum hefur sveitarfélagið verið að vinna á þeim sviðum stefnumörkunar sem það hefur aðkomu að.

Fjarðabyggð vill ítreka nokkur atriði varðandi þá stefnu og aðgerðaráætlun sem liggur fyrir í drögum frá Matvælaráðuneytinu.

Afgjald og skipting tekna

Fjarðabyggð fagnar tillögum um að leggja fiskeldissjóð niður sem samkeppnissjóð. Fjarðabyggð hefur frá upphafi varað við þeirri aðferðarfræði sem stjórnvöld lögðu til grundvallar þegar fiskeldissjóður varð til í þeirri mynd sem hann er nú. Fjarðabyggð leggur höfuðáherslu á að grundvöllur nýs fyrirkomulags haldi í heiðri markmið gjaldtöku af fiskeldi sem er að fjármunir renni til þeirra nærsamfélaga þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og fari til innviðaupbyggingar í samfélaginu.

Fjarðabyggð mótmælir því harðlega að notaður verði starfsmannafjöldi sem skiptigrundvöllur innan landshluta. Tillagan ber með sér að hún nær ekki nægjanlega utan um það ef forsendur breytast hjá rekstraraðilum með hvaða hætti starfseminni sé sinnt. sem dæmi í því sambandi má nefna breytingar þar sem hluti af starfseminni er sinnt með undirverktökum sem jafnvel sinna fleiri verkefnum. Sem skiptigrundvöll leggur Fjarðabyggð til að notað verði innbirgðis hlutfall hámarks lífmassa skv. útgefnum rekstrarleyfum. Fjarðabyggð varar enn og aftur við því að búnir séu til skiptigrundvællir sem byggja á flókinni upplýsingaöflun á óskilgreindum forsendum eins og núverandi tillaga ber með sér.

Eftirlit og stjórnsýsla

Í stefnumótuninni er lögð áhersla á aukið eftirlit, vöktun og rannsóknir með framleiðslunni til að koma í veg fyrir að sjókvíaeldi hafi neikvæð umhverfisleg áhrif til framtíðar sem og á sjálfbæra nýtingu.

Fjarðabyggð leggur ríka áherslu á að störf í eftirliti, vöktun og rannsóknum séu staðbundin og unnin í námunda við eldið. Með því að vinna störfin á þeim svæðum sem starfsemin fer fram getur það leitt til viðbragða sem eru sneggri og þéttari og þar með árangursríkari. Vinna í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar og í umfjöllun stjórnskipulags- og eftirlitsnefndar kom fram mikilvægi þess að efla starfsstöðvar í nálægð við fiskeldið og að það myndi efla sjálfstæði eftirlitsaðila gagnagnvart eftirlitsskyldum aðilum og styrkja eftirlit á svæðunum.

Leyfisveitingarferli og útboð

Fjarðabyggð vill einnig benda á mikilvægi þess að leyfisveitingarferli sé skýrt og fyrirsjáanlegt fyrir rekstraraðila. Veita verður fjármagni til stjórnsýslunnar til að auka skilvirkni við afgreiðslu umsagna sem nauðsynlegar eru í leyfisveitingarferlinu. Fjarðabyggð telur mikilvægt að litið sé til reynslu annarra þjóða eftir fyrirmynd um leyfisveitingarferli og endanlega afgreiðslu leyfa.

Fjarðabyggð krefst þess að ferli og regluverk varðandi útboð eldissvæða verði skýrt sem fyrst fyrir þau svæði sem ekki þegar eru með úthlutað leyfi í tíð eldri reglna. Athygli vekur að ekki er fjallað um þetta atriði í aðgerðaráætlun 2024-2028 sem fylgir stefnumörkuninni. Eingöngu er fjallað um í aðgerð nr. 24 að „engum nýjum leyfum verður úthlutað af ráðherra á tímabilinu til 2028, hvorki á Austfjörðum né Vestfjörðum, sem fara gegn þeirri stefnu að



aðeins einn rekstraraðili verði með starfsemi í hverjum firði eða afmörkuðu hafsvæði“. Ljóst er að enginn rekstraraðili er með úthlutuð leyfi í Mjóafirði. Það er ábyrgðarhluti gagnvart samfélaginu í Mjóafirði að stjórnvöld horfi framhjá því í þessari aðgerðaráætlun að móta regluverk gagnvart úthlutun leyfa sem gætu haft veruleg áhrif á búsetuskilyrði í Mjóafirði. Enda liggur fyrir að íbúar í Mjóafirði sem og bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð hafa margoft lýst yfir vilja til að eldi fari fram í Mjóafirði og hvatt til að leyfi þar verði boðin út.

Menntun og þekking

Í stefnunni er sérstaklega fjallað um uppbyggingu á menntun og þekkingu. Aðgengi og uppbygging menntunar í nærumhverfi fiskeldisins skiptir miklu máli og er hluti af þeim jákvæðu samfélagslegu áhrifum sem af nýjum atvinnugreinum eins og fiskeldi getur hlotist. Fjarðabyggð leggur áherslu á að nám verði staðsett í þeim landshlutum þar sem lagareldi fer fram og að framhaldsskólar sem þar starfa verði elfdir með auknu námsframboði þessu tengt og tekjum sem því þurfa að fylgja. Vill Fjarðabyggð vekja sérstaka athygli á að í sveitarfélaginu er Verkmenntaskóli Austurlands staðsettur og þar hefur verið unnið að skoðun brauta sem tengst gætu fiskeldi. Mikilvægt er að sá skóli fái til þess fjárhagslegan stuðning að þróa slíkar brautir sem yrðu þá í nálægð við fyrirtækin og framleiðsluna og þannig gæti byggst upp nýjar leiðir til menntunar.

Niðurlag

Fjarðabyggð lýsir sig tilbúna til þess að koma að áframahaldni vinnu um framtíð lagareldis, enda eins og áður sagði greinin þegar orðin ein af efnahagsstöðum samfélagsins. Þétt samstarf við sveitarfélögin er forsenda þess að komið verði á kerfi sem styður við markmið um aukna verðmætasköpun með sjálfbæra nýtingu og jákvæð áhrif að leiðarljósi.

Virðingarfyllst

Jóna Árný Þórðardóttir

Bæjarstjóri Fjarðabyggðar